



Íslensk málnefnd

Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2019

26. september 2019

Íslensk málnefnd er skipuð af menntamálaráðherra samkvæmt lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Í lögnum er kveðið á um að stjórnvöld skuli tryggja að unnt sé að nota íslensku á öllum sviðum íslensks þjóðlífs og enn fremur að ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og skuli þau sjá til þess að hún sé notuð. Eitt af hlutverkum málnefndarinnar er að álykta árlega um stöðu tungunnar. Hér fer á eftir ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2019. Í ár er sjónum sérstaklega beint að aðgengi almennings að orðabókum og öðrum málögnum.

Hjálpartæki íslenskunnar

Vandinn

Hér á eftir verður varpað fram nokkrum spurningum sem Íslenskri málnefnd þykja mikilvægar og snúa að gögnum um íslenska tungu og aðgengi almennings að þeim.

1. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir vexti og viðgangi íslenskrar tungu á nýjum tímum? Tvennt sýnist þar brýnast: Áhugi og hjálpargögn. Fátt er mikilvægara en að sannfæra almenning og ekki síst þó ungu kynslóðina um að íslenska sé gagnlegt, glæsilegt, fagurt, skemmtilegt og lipurt tungumál til að orða á hvaðeina sem þarf að ræða. Hér gegna rithöfundar, aðrir listamenn, pistlahöfundar, kennarar, alþýðufræðarar, þýðendur og aðrir áhrifavaldar í samfélaginu lykilhlutverki. Snjöll beiting íslensku er það sem einna helst sannfærir ungt fólk um að íslenska sé aðlaðandi tungumál sem bæði sé þess virði að nota sjálfur og halda að komandi kynslóðum.

Hér verður hins vegar sjónum einkum beint að hjálpargögnum. Hvað gerir notandi sem langar til að tala góða íslensku? Hvaða gögn eru Íslendingum sem vilja fága mál sitt handbær? Hér þarf

einkum að huga að netinu og snjalltækjum því að þar leita nútímamenn einkum fróðleiks. Afar mikilvægt er að þar verði til góð hjálpargögn sem einfalt er að nálgast og nota í dagsins önn.

2. Hvernig þurfa mikilvægustu hjálpargögnin að líta út? Eins og margoft hefur komið fram skiptir máltækni miklu máli þannig að sjálfvirkar þýðingar á íslensku verði sem aðgengilegastar og þar er brýnt að til verði sem allra stærstir gagnagrunnar sem bjóða upp á fjölbreytta málnotkun. Á netinu er nú þegar auðvelt að finna leiftursnöggt fjölda samheita yfir flestöll orð á ensku. Það þarf að vera jafnauðvelt á íslensku.

3. Hvar þarf að vera hægt að nálgast þessi hjálpargögn? Fyrir utan möguleika máltækninnar er líklega best að hafa eina handhæga vefgátt þar sem hægt væri að nálgast fjölbreytt gögn um íslensku: stafsetningarorðabækur, samheitaorðabækur, málnotkunarorðabækur, tvímála orðabækur, handbækur um orðtök, málshætti, jafnvel alfræðiupplýsingar um málið. Slík gátt þarf að vera afar notendavæn og leiða notandann strax að því efni sem hann þarf á að halda sér að kostnaðarlausu.

4. Er nóg að hafa aðeins nauðsynleg gögn í þeirri vefgátt? Afar mikilvægt er að gögnin í þessari gátt verði sem fjölbreyttust og fróðleikurinn sem mestur. Þess vegna er einboðið að þar sé hægt að finna upplýsingar um t.d. öll íslensk orð sem til eru frá landnámi til 21. aldar en ekki aðeins algeng orð. Fjölbreytni íslensku þarf að koma jafn vel fram og þeirra tungumála sem sækja að henni. Eins er afar brýnt að þar megi finna fróðleik um orðtök, bæði algeng og fágæt. Það leiðir af sjálfu sér að gagnlegt er að allur fróðleikur sem safnað hefur verið af fyrri fræðimönnum, t.d. eldri orðabækur, safnist þar saman þannig að bæði sé hægt að finna sér skyndifróðleik og kafa dýpra. Ekki ber að takmarka sig við einsmálsorðabækur því að tvímála orðabækur skipta ekki minna máli. Þannig yrði ensk-íslensk orðabók ef til vill eitt mikilvægasta hjálpartækið í þessari gátt.

5. Hvernig þurfa þessi gögn að líta út? Mestur vandinn við gáttina er að útlit hennar og viðmót sé sem notendavænast. Mikilvægt er að gáttin verði þannig úr garði gerð að raunverulegir notendur geti haft áhrif á hana, þannig að það sem mest er leitað birtist fyrst. Um leið þarf að vera sem styst leið í alla afkima hennar, t.d. þannig að hægt sé að slá inn og leita uppi öll gagnasöfn.

Hvað ber að gera?

Nú hefur verið samþykkt þingsályktunartillaga um íslensku (Íslenska sem opinbert mál á Íslandi, þingsályktun 36/149) sem lýsir miklum sóknarhug. Mikilvægt er að fylgja þeirri stefnumörkun eftir með fjármunum, eins og þegar hefur verið gert varðandi máltækni. Tungumálið hefur hingað til ekki fengið nándar nærri sömu fjármuni og aðrar grunnstoðir samfélagsins og vitaskuld er líka mikilvægt að öllum fjármunum sé vel og skynsamlega varið. Miklu má áorka með tiltölulega fáum höndum ef verkáætlanir eru skýrar.

1. Hvað þarf til að koma verkefninu af stað? Það þarf vitaskuld verkefnastjórn sem setur skýr markmið og mótar útlit gáttarinnar og stefnu um þau gögn sem þar eiga að vera. Sjálfsagt er að

þar verði útgefnar orðabækur og orðasöfn en einnig má velta fyrir sér hvort íslensk alfræði eigi þar heima, ef til vill í samspili (með gagnkvæmum tilvísunum) við vinsælar sjálfbodaðasíður eins og wikipediu.

2. En hvað með viðhaldið? Það skiptir öllu máli að gáttinni og því sem þar er á bak við (orðasöfnunum) sé vel sinnt af þrautþjálfuðum starfsmönnum sem bæru þá ábyrgð fyrst og fremst að miðla þessu efni til neytenda (svipað og gerist með einfaldari gagnagrunna eins og Íslendingabók). Orðabækur sem ekki eru uppfærðar reglulega eru fljótar að glata gildi sínu.

3. Hvernig geta eldri gögn nýst í þeirri vinnu? Allmikil gögn eru nú til á lokuðum vefsvæðum og opna þarf aðgang að þeim. Það kallar ef til vill á fjárútlát vegna samninga við núverandi eigendur en mikilvægt er þó að hafa í huga að þessi gögn eru fyrst og fremst verðmæt sem hluti af stærri heildarmynd og öll málgögn, s.s. orðabækur, eru einkum mikilvæg ef þeim er haldið vel við með reglulegri uppfærslu.

4. Getur máltækni komið að gagni í þessari vinnu? Hún getur það tvímælaust og einfaldað mjög leikinn, til dæmis þegar kemur að tvímálaorðabókum. Þess vegna er afar mikilvægt að vefgáttin verði til í sem mestu samráði við frumkvöðla í máltækni.

5. Er tryggt að Íslendingar flykkist til að nota mikilvæg gögn ef þau koma á netið? Nei, það er engan veginn tryggt. Þess vegna er afar mikilvægt að þessu verkefni verði hleypt af stokkunum með snjallri áróðursherferð og áhrifavaldar verði fengnir til að auglýsa gáttina með reglulegri notkun hennar á samfélagsmiðlum. Það hafa aðrir gert með góðum árangri. Eins er afar mikilvægt að aðgangur að gögnunum sé ókeypis fyrir notendur.

Hér má engan tíma missa. Tilhneiging til enskunotkunar á mörgum sviðum íslensks þjóðlífs virðist fara sívaxandi. Á okkur hvílir sú skylda að halda íslensku á lífi sem lífvænlegu máli, nothæfu á sem allra flestum sviðum. Þær hugmyndir og aðgerðir sem hér hafa verið til umræðu gegna þar mikilvægu hlutverki. Nauðsynlegt er því að raunhæf og fjármögnuð aðgerðaáætlun liggi fyrir innan þriggja missera.